

*Sigurbjörg Björnsdóttir,  
framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda*

## **Lífeyrissjóður bænda**

### **1. Grundvöllur starfsemi**

Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt sérlögum nr. 12/1999 með síðari breytingum svo og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samþykktir gilda um framkvæmdatriði laganna. Nýjar samþykktir komu til framkvæmda 1. janúar 2007.

Helstu atriði gildandi laga varðandi bændur eru eftirfarandi:

- a. Makar bænda, starfi þeir að búrekstri og reikni sér laun, verða sjálfkrafa sjóðfélagar.
- b. Skytt er að veita maka bónda, sem starfar ekki að búrekstri, aðild að sjóðnum eigi hann ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði enda óski hann þess skriflega. Iðgjaldi bóndans skal þá skipt í þeim hlutföllum sem hann óskar eftir skriflega.
- c. Iðgjaldsstofn bænda er reiknuð laun í landbúnaði eða greidd laun ef um þess háttar búrekstrarform er að ræða.
- d. Iðgjald er að lágmarki 4% af iðgjaldsstofni og móttframlag að lágmarki 8% frá 1. janúar 2007.
- e. Til ársloka 2002 var iðgjöldum skipt jafnt á milli hjóna/sambýlisfólks nema sótt hafi verið um annað. Frá ársbyrjun 2003 er iðgjöldum ekki skipt heldur eru þau bókuð í réttu hlutfalli við laun hvors um sig.
- f. Sjóðfélögum er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins, að lágmarki 4% af tekjum, allt til 70 ára aldurs þrátt fyrir að þeir hafi hafið töku ellilífeyris fyrr. Bændur skulu sjálfir greiða móttframlag sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.
- g. Iðgjöld eru innheimt af beingreiðslum bænda, sem þeirra njóta, en af öðrum bændum er iðgjald innheimt með greiðsluseðlum. Lögaðilar, þar sem búrekstrarformi er þannig háttað að aðilar að búrekstrinum fá greidd laun mánaðarlega, skulu skila iðgjöldum beint til sjóðsins á þar til gerðum eyðublöðum.
- h. Hjón eða sambýlisfólk getur skipt ellilífeyrisgreiðslum jafnt á milli sín eftir ákveðnum reglum. Ennfremur geta sjóðfélagar sem skiptu ekki réttindum sínum í árslok 1983 með maka sínum gert það nú að uppfylltum ákveðnum skilyrðum ef a.m.k. sjö ár eru fram að töku ellilífeyris.

### **2. Hverjir eru sjóðfélagar**

Í lögum sjóðsins er kveðið á um hverjir skuli vera sjóðfélagar. Allir bændur, sem stunda búskap á lögbylum, þar sem þeir eiga lögheimili, skulu vera sjóðfélagar, þar með taldir aðilar að félagsbúum, einkahlutafélögum eða öðru lögformlegu búrekstrarformi. Makar bænda sem einnig starfa að búrekstrinum skulu og vera sjóðfélagar. Skytt er að veita maka bónda, sem starfar ekki að búrekstri, aðild að sjóðnum eigi hann ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði enda óski hann þess skriflega. Upphaf sjóðsaðildar miðast við fyrsta næsta mánaðar eftir að 16 ára aldri er náð. Heimilt er að víkja frá skilyrðum um lögbyli, ef um er að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meirihluta tekna sinna af.

Ennfremur skulu launþegar í landbúnaði, 16 ára og eldri, vera sjóðfélagar, eigi þeir ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

### **3. Iðgjöld vegna búrekstrar**

Iðgjald vegna bænda og maka þeirra er nú að lágmarki 4% af iðgjaldsstofni, þ.e. reiknuðum launum í landbúnaði, greiddum launum þeirra, sem þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila. Bændur teljast þeir, er stunda búrekstur, sem fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki undirflokkar 01.4, 01.5 og 02.02.

Eftirtaldir flokkar falla undir iðgjaldsstofn Lífeyrissjóðs bænda:

- 01.111 Kornrækt, grasrækt
- 01.112 Kartöflurækt
- 01.121 Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla
- 01.122 Blómarækt
- 01.130 Ræktun ávaxta, hnetna o.fl.

- 01.210 Nautgriparækt
- 01.221 Sauðfjarrækt
- 01.222 Hrossarækt
- 01.230 Svínarækt
- 01.240 Alifuglarækt
- 01.251 Blönduð búfjarrækt
- 01.252 Loðdýrabú
- 01.259 Önnur búfjarrækt
- 01.300 Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjarræktar
- 02.010 Skógrækt og skógarhögg.

Fjársýsla ríkisins innheimtir iðgjöld af beingreiðslum bænda sem þeirra njóta. Iðgjöld þeirra, er ekki njóta beingreiðslna, innheimtir lífeyrissjóðurinn mánaðarlega með greiðsluseðlum. Gjaldagi er þá 10. dagur næsta mánaðar eftir launatímabil.

Þessi innheimta á eingöngu við um þá bændur sem reikna sér laun. Lögaðilar, þar sem búrekstrarformi er þannig háttáð að aðilar að búrekstrinum fá greidd laun mánaðarlega, skulu skila iðgjöldum beint til sjóðsins. Eyðublöð fást á skrifstofu sjóðsins og á heimasíðu, þar sem mögulegt er að skila þeim rafrænt.

#### 4. Réttindaávinnsla

Til ársloka 2006 var iðgjaldið umreiknað í stig. Hafi maka bónda sem ekki starfar að búrekstri verið veitt aðild að sjóðnum skal iðgjaldi bóndans skipt í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega. Til grundvallar stigaútreikningi voru notuð sömu grundvallarlaun og gilda fyrir alla almennu lífeyrissjóðina. Þau fylgja hækkun vísitölu neysluverðs og voru heildargrundvallarlaun ársins 2005 820.989 krónur og ársins 2006 873.875 krónur. Stig voru reiknuð þannig að deilt var með grundvallarlaunum ársins í 25-föld iðgjöld sjóðfélagsins. Samanlögð stig frá upphafi sjóðsaðildar mynda lífeyrisgrundvöll í árslok 2006. Þessi réttindaávinnsla kallast jöfn ávinnsla, þ.e. hún veitir alltaf sömu réttindi fyrir sama iðgjald (vísitölutengt) óháð aldri sjóðfélagsins. Frá 1. janúar 2007 eru réttindi aldurstengd, þ.e. meiri réttindi fást á fyrri hluta ævinnar en minni á síðari hluta ævinnar. Þó munu sjóðfélagar frá 25 ára aldri geta valið á milli jafnrar og aldurstengdrar ávinnslu samkvæmt ákveðnum reglum.

Þeir sem eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu eru virkir sjóðfélagar 2005 sem eru 25 ára eða eldri í árslok 2005. Iðgjald í jafna ávinnslu má vera jafn hátt greiddu iðgjaldi árið 2003 (viðmiðunariðgjald) og greiðist í jafnmarga mánuði og sjóðfélaginn hafði greitt í sjóðinn fyrir 42 ára aldur. Hafi hann greitt í sjóðinn í full 5 ár fyrir 42 ára aldur er honum heimilt að greiða viðmiðunariðgjald í jafna ávinnslu til 70 ára aldurs. Iðgjald umfram viðmiðunariðgjald og iðgjöld þeirra sem ekki eiga rétt á jafnri ávinnslu verða aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn velur þessa leið fyrir þennan hóp sjóðfélaga (meiri hluti virkra sjóðfélaga). Lífeyrissjóðurinn upplýsir sjóðfélagann um útreikning viðmiðunariðgjaldsins.

Réttindi verða reiknuð í verðtryggðum krónum sem miðast við 10.000 kr. heildariðgjald (iðgjald og móttframlag) á árinu 2003. Hér fyrir neðan er réttindatafla sjóðsins og sýnir hún árlegan eftirlaunlífeyrisrétt frá 67 ára aldri pr. 10.000 kr. iðgjald:

Aldur	Upphæð	Aldur	Upphæð	Aldur	Upphæð	Aldur	Upphæð	Aldur	Upphæð
	ð		ð		ð		ð		ð
16	3.452	17	3.287	18	3.129	19	2.983	20	2.850
21	2.726	22	2.611	23	2.504	24	2.404	25	2.321
26	2.233	27	2.142	28	2.066	29	1.995	30	1.929
31	1.867	32	1.810	33	1.757	34	1.707	35	1.660
36	1.616	37	1.575	38	1.536	39	1.499	40	1.464
41	1.430	42	1.398	43	1.367	44	1.336	45	1.307
46	1.278	47	1.249	48	1.221	49	1.193	50	1.166
51	1.140	52	1.114	53	1.089	54	1.064	55	1.041
56	1.018	57	996	58	975	59	955	60	936
61	918	62	900	63	881	64	863	65	835
66	799	67	828*	68	859*	69	893*		
Jöfn réttindaávinnsla:			1.400						

\* Lífeyrisréttur frá næsta aldursári, þ.e. frá 68, 69 og 70 ára.

## **5. Mótframlag vegna iðgjalda af búrekstri**

Grundvöllur lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða er iðgjald sjóðfélaga, venjulega 4% af launum, og mótframlag atvinnurekanda, sem hefur almennt verið að lágmarki 50% hærra eða 6% af launum. Mótframlagið hækkar í 8% frá 1. janúar 2007. Eftirfarandi ákvæði gilda um mótframlag bænda: "Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag, sem skal að lágmarki vera 8% af iðgjaldsstofni". "Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga, sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti." Mótframlag er greitt úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum en óvíst að það verði nægilega hátt á árinu 2007.

## **6. Iðgjöld vegna launþega**

Eins og fram kemur í 2. gr. skulu launþegar í landbúnaði, sem eiga ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði, greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda. Bændum, sem hafa atvinnutekjur af öðru en búrekstri og sú atvinna veitir ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði, er einnig heimilt að greiða iðgjöld til sjóðsins af þeim tekjum og bera þeir sjálfir ábyrgð á að þeim iðgjöldum sé skilað til sjóðsins.

Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga af launum starfsmanna sinna og skila til sjóðsins ásamt eigin framlagi (mótframlagi). Gjaldþagi er 10. dagur næsta mánaðar eftir launatímabil. Launagreiðanda ber að senda sjóðnum skilgrein með hverri iðgjaldagreiðslu þar sem fram koma upplýsingar um launamenn og iðgjaldatímabil. Eyðublöð fást á skrifstofu sjóðsins og á heimasíðu.

## **7. Lífeyrir**

Aðalmarkmið sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum lífeyri samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og eru skilyrði fyrir lífeyrisrétti, reglur um útreikning hans og grundvallarlaun ákveðin nánar í samþykktum fyrir sjóðinn. Athygli er vakin á því að þeir, sem sækja ætla um lífeyri, skulu sækja um hjá þeim lífeyrissjóði, sem síðast var greitt til. Litið er á umsókn hjá einum sjóði sem umsókn hjá öllum. Sá sjóður, sem sótt er um hjá, kannar réttindi hjá öðrum sjóðum, sem viðkomandi hefur greitt til og samræmir afgreiðslu lífeyris í heild. Sjálfstæður réttur hjá lífeyrissjóði samkvæmt samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða frá 1999 miðast við tvö stig. Gera má ráð fyrir að sjálfstæður réttur í framtíðinni miðist við sambærileg réttindi. Lífeyrir er alltaf greiddur út á öll áunnin réttindi en við framreikning lífeyrisréttinda fram að 2007 vegna örorku- og makalífeyris eru stig 30 bestu iðgjaldagreiðsluáranna reiknuð að fullu, en stig annarra ára að hálfu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða eingreiðslu lífeyris ef lífeyrisgreiðsla nær ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda. Frá 1. janúar 2007 miðast lágmarkið við 2.500 kr. á mánuði.

Grundvallarmánaðarlaun á síðari hluta ársins 2006 voru 73.795 krónur, en þau breytast mánaðarlega frá 1. janúar 2007 miðað við þróun vísitölu neysliverðs. Grundvallarlaun 1. janúar 2007 eru 75.007 krónur m.v. stigaréttindi. Hlutfall lífeyris af ofangreindum grundvallarlaunum er fundið með því að margfalda reiknuð stig sjóðfélagans með 1,4. Hvert stig gaf að meðaltali 12.090 krónur í lífeyri á árinu 2006 eða 1.007 krónur á mánuði. Tíu stig gáfu 120.900 krónur í árlífeyri. Verðgildi réttinda reiknaðra í krónum miðast við gildi vísitölu neysliverðs 230 og skulu endurreiknuð mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu. Ef um makalífeyri er að ræða eru upphæðir helmingi lægri.

Lífeyrir er greiddur mánaðarlega 1. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð. Greiðslur eru eingöngu lagðar inn á bankareikninga og er því mikilvægt að tilkynna breytingar á bankareikningum jafnóðum til sjóðsins eða Greiðslustofu lífeyrissjóða sem annast lífeyrisgreiðslur fyrir sjóðinn. Við afgreiðslu lífeyris er lífeyrisþega sendur lífeyrisúrskurður. Greiðslustofa lífeyrissjóða sendir tilkynningar um greiðslur mánaðarlega til lífeyrisþeganna og sendir síðan upplýsingar um árlegar lífeyrisgreiðslur til ríkisskattstjóra og eru þær forskráðar á skattframtöl áður en þeim er dreift til lífeyrisþega.

Samkvæmt lögum er staðgreiðslu skatta haldið eftir af öllum lífeyrisgreiðslum nema Greiðslustofu lífeyrissjóða hafi borist nægilega hátt skattkort til að mæta staðgreiðslunni. Því er brýnt fyrir lífeyrisþega að fylgjast með því að þeir nýti skattkort sín eins vel og hægt er. Við andlát er maka hins látna heimilt að nýta skattkort hans í 8 mánuði talið frá 1. næsta mánaðar eftir andlátíð.

### **7.1 Ellilífeyrir**

Sjóðfélagar, þ.e. þeir sem hafa greitt iðgjöld til sjóðsins og náð 67 ára aldri, eiga rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Unnt er að fresta töku lífeyris allt til 70 ára aldurs og hækka þá sá lífeyrir, sem sjóðfélagar eiga rétt á við 67 ára aldur. Til ársloka 2006 hækkaði 67 ára lífeyririnn um 0,4% fyrir hvern mánuð sem töku hans var frestað allt til 70 ára eða samtals 14,4%. Frá 1. janúar 2007 hækka 67 ára réttindin um 0,64% fyrir hvern mánuð, sem töku lífeyris er frestað til 68 ára aldurs, þá 0,70% fyrir hvern mánuð til 69 ára aldurs og loks 0,77% fyrir hvern mánuð til 70 ára aldurs, eða samtals 25,32% ef töku 67 ára lífeyris er frestað til 70 ára aldurs. Ef um áframhaldandi iðgjaldagreiðslur verður að ræða ávinnur sjóðfélaginn sér meiri lífeyrisrétt og öðlast ellilífeyrisrétt út á iðgjöld sem hann greiðir á 68. aldursári frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð og á sama hátt á 69. og 70. aldursári. Ef réttindum 68. aldursárs er frestað hækka þau um 0,64% fyrir hvern mánuð sem þeim er frestað til 69. ára aldurs og síðan um 0,7% fyrir hvern mánuð til 70 ára aldurs. Á sama hátt hækka réttindi 69. aldursárs um 0,7% fyrir hvern mánuð sem þeim er frestað til 70 ára aldurs. Greiðsluskylda í lífeyrissjóð er til 70 ára aldurs og því verður ellilífeyrir þeirra sem taka lífeyri fyrr endurskoðaður eftir 70 ára aldur. Sé óskað viðbótarlífeyris eftir hvert aldursár þarf að sækja sérstaklega um það. Á hverju ári sendir sjóðurinn tilkynningar um ellilífeyrisrétt ásamt umsóknareyðublaði til þeirra sjóðfélaga sem verða 67 og 70 ára á árinu.

## **7.2 Örorkulífeyrir**

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira á rétt á örorkulífeyri enda hafi hann orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum örorkunnar.

Trúnaðarlæknir Landssamtaka lífeyrissjóða metur örorku fyrir Lífeyrissjóð bænda. Ekki er um að ræða örorkulífeyrisrétt hjá sjóðfélaga vegna örorku sem til var orðin áður en hann varð sjóðfélagi.

Örorkulífeyrir er tekjutengdur og á enginn rétt á örorkulífeyri ef hann heldur óskertum þeim tekjum sem hann hafði áður. Skattframtöl síðustu fjögurra ára fyrir örorku eru lögð til grundvallar mati á tekjum fyrir örorku og sjóðfélaganum úrskurðaðar viðmiðunartekjur. Viðmiðunartekjur eru framreiknaðar m.v. vísitölu neysluverðs og bornar saman við tekjur árlega. Grundvallarreglan er sú að samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir, ef um börn innan 18 ára aldurs er að ræða, má aldrei vera hærri en tekjumissir vegna örorkunnar. Reynist hann hærri, er lífeyririnn skertur að sama skapi.

Hlutfall örorkulífeyris af grundvallarlaunum er miðað við áunnin réttindi þeirra er uppfylla skilyrði samkvæmt 1. mgr. Hafi öryrkinn greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. þrjú af undanförunum fjórum almanaksárum fyrir orkutap og a.m.k. 60.000 kr. heildariðgjald hvert þessara þriggja ára og greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanförunum tólf mánuðum fyrir orkutap á hann rétt á framreikningi réttinda til 65 ára aldurs, hafi hann ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Við framreikning réttinda er þeim réttindum, sem ætla mætti að sjóðfélaginn myndi ávinna sér til loka þess mánaðar, er hann nær 65 ára aldri, bætt við áunnin réttindi og er þá miðað við meðaltal iðgjalda hans næstu fjögur almanaksárin fyrir örorku. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af reiknuðum réttindum og orkutapið er metið, en ekki er greitt út á lægri örorku en 50%.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap og ekki er greiddur örorkulífeyrir vegna tímabundinnar örorku sem varir skemur en 6 mánuði.

Örorkulífeyrir er greiddur til loka þess mánaðar er lífeyrisþeginn nær 67 ára aldri og er honum þá sjálfkrafa úrskurðaður ellilífeyrir frá fyrsta næsta mánaðar. Við áunnin réttindi er þá bætt þeim réttindum er áætluð voru við úrskurð örorkulífeyris. Hafi öryrkinn verið í starfi, sem veitti honum lífeyrisrétt eftir að honum var úrskurðaður örorkulífeyrir, koma þau lífeyrisréttindi til frádráttar áætluðum réttindum við úrskurð ellilífeyris.

## **7.3 Makalífeyrir**

Við fráfall sjóðfélaga, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins í a.m.k 24 mánuði á undanförunum 36 mánuðum eða notið hefur elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, öðlast eftirlifandi maki rétt til makalífeyris í 24 mánuði eftir andlátíð. Ef makinn hefur barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef

makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára, er makalífeyririnn greiddur meðan það ástand varir. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka er sjóðsstjórn heimilt að greiða makalífeyri til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um árabíl. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makalífeyrisþingur gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð.

Hafi hinn látni sjóðfélagi notið lífeyris úr sjóðnum, er nauðsynlegt að tilkynna skrifstofu sjóðsins um andlát á tafarlaust. Verður þá gengið frá afgreiðslu makalífeyris. Aðrir þurfa að sækja skriflega um makalífeyri og skal dánarvottorð fylgja umsókn.

Makalífeyrir miðast við áunnin réttindi á dánardegi. Hafi hinn látni uppfyllt skilyrði fyrir framreikningi réttinda, sbr. 7.2, er auk áunninna réttinda bætt við þeim réttindum, sem ætla mætti að sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess mánaðar er hann hefði náð 65 ára aldri, og er þá miðað við meðaltal iðgjalda hans næstu fjögur almanaksárin fyrir andlát. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal makalífeyrir fyrir tímabilið frá upphafi örorku og fram að andlátsdegi úrskurðaður í samræmi við síðustu mgr. 7.2 en síðan í samræmi við úrskurð örorkulífeyris til loka þess mánaðar er hann hefði náð 65 ára aldri.

Í lögum sjóðsins eru sérákvæði vegna bænda, sem voru sjóðfélagar í árslok 1983 og skiptu ekki áunnum réttindum sínum fyrir tímabilið 1971 - 1983 með maka sínum. Eftirlifandi maki slíks sjóðfélaga á rétt á áframhaldandi makalífeyri eftir 24 mánuði, en slíkar greiðslur miðast einungis við áunnin réttindi í árslok 1983.

#### **7.4 Barnalífeyrir**

Börn, kjörbörn, fósturbörn og stjúpbörn sjóðfélaga, sem fellur frá og greitt hefur iðgjald til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanförunum 36 mánuðum eða 6 mánuði af undanfarandi 12 mánuðum eða notið elli- eða örorkulífeyris sem svarar til minnst 10.000 kr. á mánuði eiga rétt á barnalífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Þó er það háð því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt til þessa sjóðs. Sama gildir um börn örorkulífeyrisþega sem fædd eru eða ættleidd fyrir orkutap, en réttur þeirra miðast við örorkumat. Barnalífeyrir fellur ekki niður við breytingu á örorkulífeyri í ellilífeyri. Barnalífeyrir lækkar ef mánaðarlegur iðgjaldsstofn á viðmiðunartímabili hefur verið mjög lágur, 50.000 kr. m.v. vísitölu neysluverðs 230, og einnig ef elli- eða örorkulífeyrisgreiðsla foreldris er lægri en 20.000 kr. á mánuði.

Upphæð fulls barnalífeyris vegna andláts foreldris var á árinu 2006 10.759 krónur á mánuði en vegna örorku foreldris 7.890 krónur á mánuði. Barnalífeyrisupphæð breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Árið 2007 eru upphæðir 11.174 krónur vegna andláts og 8.195 krónur vegna örorku.

#### **7.5 Ellilífeyrir til bænda fæddra 1914 og fyrr og makalífeyrir**

Bændum fæddum 1914 og fyrr, sem voru bændur á lögbýlum í a.m.k. 10 ár á tímabilinu frá 55 ára aldri til 75 ára og eftir 1. janúar 1955, er tryggður sérstakur lífeyrisréttur í lögum sjóðsins. Gátu þeir tekið lífeyri frá 70 ára aldri, ef þeir voru hættir búskap. Annars miðaðist taka lífeyris við búskaparlok, þó aldrei síðar en við 75 ára aldur. Eftirlifandi mökum þessara bænda er einnig tryggður makalífeyrisréttur. Hafi hinn látni bóndi ekki náð 10 ára búskapartíma samkvæmt framansögðu, en stundað búskap á lögbýli í a.m.k. 5 ár, fallið frá eftir 31. desember 1964 og ekki verið hættur búskap, þegar hann lést, nýtur maki einnig þessa réttar. Hámarksréttindatími vegna þessa lífeyris er 20 ár.

Hlutfall lífeyris ákvarðast af búskapartíma fram til ársloka 1980, en vegna búskapartíma eftir það er miðað við iðgjaldagreiðslur í sjóðinn. Ellilífeyrir samkvæmt 7.1 og makalífeyrir samkvæmt 7.3 koma til frádráttar greiðslum þessum, svo og lífeyrisgreiðslur úr öðrum sjóðum og greiðslur samkvæmt fjárlögum. Makalífeyrir til ekkna, sem hafa ekki náð 75 ára aldri, er ennfremur tekjutengdur og skerðist eftir ákveðnum reglum.

Hámarksársgreiðsla ellilífeyris vegna 20 ára réttindatíma nam 332.128 krónum á árinu 2006. Til einhleyps bónda er greiðslan 20% lægri eða 265.703 krónur og makalífeyrisgreiðsla fyrir sama réttindatíma nam 230.573 krónum.

#### **7.6 Skipting ellilífeyrisgreiðsla og ellilífeyrisréttinda**

Samkvæmt ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. maí 1999 er hjónum og sambýlisfólki nú heimilt að skipta ellilífeyrisgreiðslum jafnt á milli sín samkvæmt ákveðnum reglum. Ennfremur er nú hægt að skipta ellilífeyrisréttindum varanlega í samræmi við tryggingafræðilegt mat, sé það gert a.m.k. 7 árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist.

Til þess að framangreindar skiptingar séu framkvæmanlegar þurfa aðilar að gera með sér skriflegan samning þar um og senda sjóðnum. Bæklingar og eyðublöð fást á skrifstofu sjóðsins.

#### **8. Tilkynningaskylda sjóðfélaga/lífeyrisþega/aðstandenda**

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er sjóðfélaga skylt að tilkynna skriflega án tafar ef hann stofnar til hjúskapar, hefur óvígða sambúð eða staðfesta samvist eða skilur við maka sinn, slítur óvígðri sambúð eða staðfestri samvist.

Ef bóndi á óskipt réttindi í sjóðnum, eldri en frá 1984, þarf að senda sjóðnum afrit af leyfisbréfi vegna skilnaðar að borði og sæng eða tilkynna sambúðarslit skriflega.

**Hætta er á rangri bókun réttinda hjá sjóðnum verði misbrestur á framangreindum tilkynningum.**

Einnig er brýnt að tilkynna sjóðnum strax um andlát lífeyrisþega, breytt heimilisföng og breytta bankareikninga. Ennfremur þarf að tilkynna án tafar breytingar vegna innheimtu iðgjalda af beingreiðslum svo sem um stofnun, breytingar eða slit félagsbús. Þá er nauðsynlegt að tilkynna um stofnun einkahlutafélags og sérhverjar þær breytingar er kunna að varða sjóðinn á einhvern hátt. Mikilvægt er að á hverjum tíma liggi fyrir réttar upplýsingar um sjóðfélaga. **Röng skráning hjá sjóðnum getur valdið sjóðfélögum tjóni.**

#### **9. Heimasíða**

Lífeyrissjóður bænda er þátttakandi í sameiginlegum vef landbúnaðarins [www.landbunadur.is](http://www.landbunadur.is). Sérvefur sjóðsins hefur slóðina [www.lsb.is](http://www.lsb.is) og er þar hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um sjóðinn. Þar eru einnig birtar auglýsingar og greinar sem birst hafa í Bændablaðinu og Handbók bænda. Hægt er að nálgast gildandi lög um sjóðinn, lög nr. 12/1999, og "Samþykktir" sjóðsins á vefnum. Öll eyðublöð eru aðgengileg á netinu og hægt að senda þau rafrænt til sjóðsins.